



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
á Hrafnseyrarhátíð  
Hrafnseyri  
16. júní 2018**

Góðir gestir,  
kæru landsmenn

Í ár höldum við Íslendingar upp á að öld er liðin frá því að land okkar varð frjálst og fullvalda ríki. Í borgum, bæjum og dreifðum byggðum hefur fólk komið saman og minnst þessara merku tímamóta. Þetta munum við gera áfram það sem eftir er ársins. Meðal annars verður hátíðarfundur Alþingis á Þingvöllum og fullveldisdagurinn sjálfur, 1. desember, að sjálfsögðu hafður í heiðri. Og afar vel fer á því að fagna aldarafmæli fullveldis hér á Hrafnseyri, fæðingarstað Jóns Sigurðssonar, hins óskoraða leiðtoga á leið Íslendinga til aukins sjálfstæðis.

Auk þess er mér heiður að halda hingað í Arnarfjörð með Þór, hinu glæsilega flaggskipi Landhelgisgæslu Íslands. Í sambandslagasamningi Íslands og Danmerkur árið 1918 var kveðið á um það að Íslendingar tækju vörslu landhelginnar í sínar hendur þegar þeir kysu. Það var gert með stofnun Landhelgisgæslunnar átta árum síðar. Upp frá því hafa liðsmenn hennar staðið vörð um fullveldi Íslands og sjálfstæði, sinnt björgunarstörfum og áunnið sér aðdáun þjóðarinnar.

Góðir áheyrendur: Hér á Hrafnseyri fæddist Jón forseti, 17. júní 1811. Á lífsleiðinni vann hann að og varð vitni að framfarasporum á frelsisbraut; helst þá endurreisn Alþingis og sérstakri stjórnarskrá fyrir Ísland úr hendi Danakonungs. Við andlát Jóns hinn 7. desember 1879 hafði ýmsu því verið komið til leiðar en áfram var verk að vinna. Það vissi Jón og hann horfði bjartsýnn fram á veg. Um leið fann hann ætíð andagift og fyrirmyndir í okkar fornu sögum og sagnaarfi.

Það gerðu fleiri. „Þá riðu hetjur um héruð,“ kvað Jónas Hallgrímsson, forystuskáld sjálfstæðisbaráttunnar, um höfðingja þjóðveldisaldar. Í þeim hópi var Hrafn Sveinbjarnarson sem þessi staður dregur nafn sitt af. Í sögu Hrafn greinir frá hreysti hans og leikni. „[Hann] var á unga aldri snemmendis mikill atgervismaður,“ segir þar, „... syndur vel og við allt fimur það er hann hafðist að, bogmaður mikill og skaut manna best handskoti.“

Já, kappar til forna þóttu öflugar fyrirmyndir. Sú vakning sem Jón Sigurðsson vildi sjá í landinu snerist ekki eingöngu um aukin völd úr hendi Dana heldur aukinn styrk fólksins í landinu – styrk til sálar og líkama. Árið 1842, þegar örlaði fyrir áfangasigrum í sjálfstæðisbaráttunni, skrifaði Jón um nauðsyn þess að efla þrek landsmanna og fjör. Kenna skyldi íþróttir í skólum, sund, skíðagöngur og glímu, og ekki síður þyrftu landsmenn að læra „skot, skilmingar og aðrar íþróttir, sem gæti kennt þeim bæði að bera sig vel og karlmannlega, og að verja hendur sínar ef á lægi“. Síðar hafa forkólfar íþróttahreyfingarinnar hér á landi gjarnan minnst orða Jóns Sigurðssonar um gildi hreyfingar og hreysti. Jón var „núgu framsýnn til að sjá og vita“, sagði einn þeirra á fjórða áratugi síðustu aldar, „að ef Íslendingar vilja verða fullkomlega sjálfstæð þjóð og öðrum óháð þá verða þeir að skipa líkamsíþróttunum sem veglegastan sess hjá sér.“

Fullveldi var þá fengið og síðan kom fullt sjálfstæði, 17. júní 1944, á fæðingardegi Jóns Sigurðssonar. Næstu ár unnu Íslendingar til verðlauna í frjálsum íþróttum og nöfn nýrra kappu voru á allra vörum, jafnoka Grettis að burðum og Gunnars á Hlíðarenda að fimi. Þeir juku heldur betur hróður Íslands, Clausenbræðurnir Örn og Haukur, Finnbjörn Þorvaldsson, Gunnar Huseby, Torfi Bryngeirsson og fleiri kempur. Enn er mörgum eldri Íslendingum í fersku minni júnídagurinn góði 1951 þegar Svíar skoruðu þrisvar á Melavellinum í Reykjavík en Skagamaðurinn Ríkharður Jónsson tryggði okkar mönnum sigur með fjórum mörkum. Og fyrir leikslok bárust þau tíðindi frá Osló að lið Íslands hefði lagt lið Noregs og Danmerkur í landskeppni í frjálsum íþróttum. Nýfrjáls þjóð fylltist stolti og dýrmætu sjálfstrausti.

Síðan hafa margir sigrar unnist sem glatt hafa fólk, íslenskar konur og karlar víða gert garðinn frægan. „Strákunum okkar“ og „stelpunum okkar“ á keppnisvelli eru sendar góðar óskir héðan frá Hrafnseyri. Úti í heimi hefur fátt vakið eins mikla athygli á íslensku samfélagi og atgervi og nýleg afrek í heimi íþróttanna. Oftar en ekki er þá minnst á „íslensku víkingana“ sem feti í fótspor garpa fyrri alda, þeirra sem gerðu strandhögg víða, létu hlut sinn ekki fyrir neinum, óttuðust engan og gengu glaðir til bardaga. Um þessar hetjur lesum við í sögum okkar en þá er einmitt hollt að minnast upphafsorða Hrafn sögu Sveinbjarnarsonar: „Atburðir margir, þeir er verða, falla mönnum oft úr minni en sumir eru annan veg sagðir en verið hafa og trúá því margir er logið er en tortryggja það satt er.“

Sönnu næst er að fáir lögðust í víking frá Íslandi. Hér kunnir fólk frekar þá list að segja sögur og reyndar var orðið víkingur skammaryrði öldum saman, notað yfir óþokka sem rændu og rupluðu og sýndu níðingsskap.

Í Fóstbræðrasögu segir frá tveimur vígamönnum sem komust til manns hér á Vestfjörðum, Þormóði Kolbrúnarskáldi og Þorgeiri Hávarssyni. Í manna minnum varð Þorgeir einna þekktastur fyrir að hafa gert húskarl höfðinu styttri þar sem hann stóð úti á túni, fyrir þá sök eina að hann stóð svo vel til höggins. Þessa frásögn og fleiri nýtti Halldór Laxness þegar hann reit Gerplu, þá mergjuðu háðsádeilu á hetjudýrkun, ofbeldi og yfirgang. „Aldregi skyldi góður dreingur láta þá skömm af sér spyrjast að kjósa frið ef ófriður var í boði.“ Þennan boðskap lætur skáldið móður Þorgeirs segja við sveininn unga, og síðar í sögunni er vikið að grimmd og ragmennsku þegar menn lögðust í víking. Laxness skrifaði svo: „Það kölluðu víkingar holt úngum börnum að deya á spjótsoddum er mæður þeirra höfðu verið herteknar eða hálshöggnaðar, feður feldir, en hús að kolum ger.“

Kæru landar! Þeir eru ekki mestu stórmennin sem njóta aflsmunar og níðast á hinum minni máttar, ekki mestu garparnir sem kjósa þverúð og ágreining frekar en sættir, ekki mestu hetjurnar sem verður heitt í hamsi og láta undan storkun og áeggjan.

En þetta eiga ekki að vera nein tíðindi, og því síður misvirðing við okkar sagnaarf. Hann geymir einmitt lof um þá sem leituðu málamiðlana og stilltu til friðar. Það sýna frásagnir af kristnitökunni á Alþingi og fleiri atburðum. Um áratug eftir þau tímamót logaði þingheimur í ófriði og menn voru vegnir innan vébanda uns höfðinginn Hallur af Síðu skarst í leikinn og mælti þessu merku orð: „Hér hafa orðið harðir atburðir í mannaláti og málalátum. Mun eg enn sýna það, er eg er lítilmenni.“ Hallur boðaði sættir „og lofuðu allir mjög hans góðgirnd,“ segir í Njálu.

Kæru landar nær og fjær: Áfram getum við sótt fögur fordæmi í okkar sagnasjóð, frekar en hjákátlega aðdáun á vígum og vígamönnum. Veljum vitnisburð um heiður og sæmd, umburðarlyndi í stað þröngsýni, samstöðu en ekki sérdrægni, þrautseigju án þvermóðsku. Ekki var Gunnlaugur ormstunga til fyrirmyndar í einu og öllu en nú þegar styttest í eina stærstu stund íslenskrar knattspyrnusögu má minnast þess þegar hann gekk með fótarmein á fund Eiríks jarls Hákonarsonar. Jarl hváði hvers vegna hann haltraði þá ekki við. „Eigi skal haltur ganga meðan báðir fætur eru jafnlangir,“ svaraði Gunnlaugur.

Sama þolgæði munu strákarnir okkar sýna á vellinum. Til forna héldu norrænir menn í austurveg, börðust vissulega að víkinga sið en áttu einnig í viðskiptum, stofnuðu ríki og gátu sér gott orð. Nú gengur lið okkar Íslendinga í knattspyrnu karla senn til kappleiks í Moskvu. Í aðdraganda mótsins benti Aron Einar Gunnarsson, fyrirliði til margra ára, á þá kosti sem einkenndu liðið og

hefðu fleytt því eins langt og raun bæri vitni. Vissulega væru leikmennirnir ekki þeir hæfustu í heimi og leikur liðsins ekki alltaf áferðarsnotur. En við stöndum saman, sagði fyrirliðinn, við bregðumst ekki hverjir öðrum, við berum virðingu fyrir mótherjanum en óttumst hann ekki. Sömu gildi ríkja hjá kvennalandsliðinu og öllu íþróttafólki sem hefur sett sér háleit markmið.

Og við erum öll í sama liði. Við eigum að standa saman. Þeir sem ná að skara fram úr á hinum ólíku sviðum mannlífsins eiga að styðja hina sem þurfa á aðstoð að halda. Börn og ungmenni eiga að njóta jafnra tækifæra til að sýna á lífsleiðinni hvað í þeim býr. Á vefsíðunni [synumkarakter.is](http://synumkarakter.is) má sjá heilræði til þeirra sem vilja láta gott af sér leiða innan vallar sem utan, því að það tvennt helst gjarnan í hendur. Meðal þeirra sem þarna láta að sér kveða er Vanda Sigurgeirsdóttir sem lék um árabíl með knattspyrnulandsliðinu, var fyrirliði og síðar þjálfari þess. Að þeim ferli loknum hefur hún meðal annars unnið að vörnum gegn einelti og bent á þá þætti sem prýða góðan leiðtoga. Sú fyrirmynd hvetur fólk, hjálpar, hrósar og sýnir hógværð, er drenglynd, hefur rétt við, styður aðra og eflir liðsheild til góðra verka.

Vart þarf að taka fram að undir þetta hefðu þeir tekið, Jón Sigurðsson og Hrafn Sveinbjarnarson. „Eftir minni meiningu,“ skrifaði Jón árið 1851, nokkrum dögum fyrir þjóðfundinn fræga það ár, „þá er seiglan okkar besti bjargvættur, og þá þarf ekki að kvíða, ef hún er óbilug.“ Í sinni frábæru ritgerð, „Um Alþing á Íslandi“, hafði Jón Sigurðsson áður skrifað um nauðsyn samúðar og samhjálpur með þessum orðum: „Kjör manna, stétta og þjóða eru svo samtvinnuð, að eins gagn er í rauninni allra gagn og eins skaði allra skaði.“ Og þetta hafði Jón forseti að segja um dómhörku, þrjósku og þröngsýni í málafylgju: „Þegar menn hafa einungis fyrir augum að koma fram sínu máli með hverjum þeim brögðum, sem verða má, og níða alla, sem móti mæla, bæði leynt og ljóst, þá er málinu komið í illt horf, því þá má verða, að sá hafi sitt mál, sem verr gegnir og hrekkvísastur er eða illorðastur ...“

Kæru áheyrendur á fullveldishátíð: Mörgum öldum fyrir daga Jóns Sigurðssonar var Hrafn Sveinbjarnarson eins þekktur fyrir drenglyndi sitt og réttisýni. Þá þóttu þau hjón, Hrafn og Hallkatla Einarsdóttir, einkar gestrisin og höfðingleg í lund. „Öllum mönnum var þar heimill matur,“ segir í Hrafnssögu um Eyri sem þá hét, „... hvort sem þeir vildu setið hafa lengur eða skemur. Alla menn lét [Hrafn] flytja yfir Arnarfjörð, þá er fara vildu.“

Fögurum orðum var líka farið um læknislist Hrafns Sveinbjarnarsonar, að ekki sé minnst á mannúðina, eins og rakið er í sögu hans: „Til engis var honum svo títt, hvorki til svefnis né matar, ef sjúkir menn komu á fund hans, að ei mundi hann þeim fyrst nokkura miskunn veita. Aldrei mat hann til fjár lækning sína.“

Hér er boðskapurinn skýr. Um aldamótin 1200 var unnt að veita fólki heilbrigðisþjónustu án þess að fjárhagur þess skipti sköpum. Sama mætti heita

sjálfsagt um okkar daga. Og kæru landsmenn: Fylgjumst endilega af einlægni og áhuga með fólki að leika sér með bolta – þar verð ég glaður framarlega í flokki – en munum þó hvað skiptir mestu máli í okkar samfélagi, heilsa fólks og hamingja.

Við fáum því ekki breytt að alltaf verða einhverjir veikir og sárir í þessum heimi, áföll dynja yfir. Hitt er í okkar höndum að lina þrautir og sýna samkennd. Fyrr í vikunni varð mannskaði í umferðinni hér á Vestfjörðum og skammt er síðan stór systkinahópur lenti í alvarlegu bílslysi með móður sinni og frænda; enn liggur fjögurra ára stúlka þungt haldin á sjúkrahúsi. „Við mæðgur ætlum ... að vera súper súper sterkar saman í sumar,“ segir móðirin. Héðan frá Hrafnseyri skulum við svo sannarlega senda stuðningskveðjur til landsliðs okkar en líka til Myrru litlu og annarra sem eiga um sárt að binda.

Góðir Íslendingar: Fögnum aldarafmæli fullveldis! Megi frjálst og sjálfstætt Ísland eflast áfram, þjóðinni allri til heilla.